



Varðandi: Gjaldskrár 2016
Málsnúmer: 1512115
Dagsetning: 14. janúar 2016

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 30. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 13. janúar 2016 var fjallað um gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu og eftirfarandi bókað:

„Lögð fram tillaga að breytingum á gjaldskrá og tekjumörkum félagslegrar heimaþjónustu fyrir árið 2016 sbr. samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs á 8. fundi þess þann 18. febrúar 2015. Helstu breytingar eru hækkun gjalda um 3,2% sbr. ákvörðun bæjarstjórnar um almennar gjaldskrárhækkanir, hækkun tekjumarkna um 9,7% til samræmis við hækkun framfærsluviðmiða Tryggingastofnunar, fækkun gjaldflokka fyrir heimaþjónustu úr þremur í tvo, þannig að lægsti gjaldflokkur fellur út og nýtt ákvæði um gjald fyrir heimsendingu matar.

Laufey Jónsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu fyrir árið 2016 og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs.“

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Breytingar á gjaldskrá

Í gjaldskrá ársins 2015 fyrir félagslega heimaþjónustu er kveðið á um þrjá gjaldflokka og að þeir þjónustupegar sem höfðu tekjur undir framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar njóti þjónustunnar án þess að gjald sé tekið fyrir. Þar sem framfærsluviðmið Tryggingarstofnunar er jafnan ákveðið mjög seint á árinu hafa breytingar á gjaldskrá jafnan verið teknar til afgreiðslu í janúar og gildistími nýrrar gjaldskrár miðast við 15. janúar. Sú tímasetning gildistöku fellur einnig vel að innheimtutímabili gjaldanna sem er 15 dagar mánaðar til 14. dags mánaðar.

Helstu breytingar á gjaldskránni árið 2016 eru eftirfarandi:

Fækkun gjaldaflokka:

Gjaldaflokkum er fækkað úr þremur í tvo, þannig að lægsti gjaldflokkur er felldur niður. Breytingin er í samræmi við umræður á 8. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 18. febrúar 2015, þar sem kynntar voru hugmyndir um fækkun gjaldflokka úr þremur í einn á tveimur árum.



Akraneskaupstaður

Við þessa breytingu hækkar gjald þeirra sem færast úr lægsta gjaldflokki ársins 2015 í lægri gjaldflokk ársins 2016 um 24,4%, úr kr. 632,- í kr. 786,-. Árið 2015 voru 34 í lægsta gjaldaflokki.

Hækkun gjalda um 3,2%

Gjöld í þeim gjaldaflokkum sem eftir standa hækka um 3,2% samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar um almennar gjaldskrárhækkanir.

Hækkun tekjuviðmiðs

Tekjuviðmið hækka um 9,7% til samræmis við hækkun lágmarksframfærsluviðmiðs Tryggingastofnunar á milli árána 2015 og 2016.

Nýtt ákvæði um gjald fyrir heimsendingu matar

Ákvörðun um gjaldtöku fyrir heimsendingu matar hefur til þessa verið tilkynnt þjónustuþegum í bréfi en ekki tilgreind í gjaldskrá. Ástæða þykir til að taka þetta gjald upp í gjaldskránni til að tryggja aðgengi að upplýsingunum. Gjaldið fyrir máltíð hækkar um 2% frá fyrra ári skv. ákvörðun stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða en gjald fyrir heimsendingu um 3,2% líkt og önnur gjöld sveitarfélagsins.


Aðrar breytingar á gjaldskránni varða orðalag og uppsetningu.

Röðun í gjaldflokka

Undanfarin ár hefur Akraneskaupstaður notið liðsinnis tryggingaumboðs sýslumanns við röðun í gjaldflokka. Sú aðstoð stendur ekki lengur til boða og því þarf að afla tekjuupplýsinga með öðrum hætti. Röðun í gjaldflokka liggur því ekki fyrir. Þjónustuþegum hefur verið sent bréf þar sem óskað er eftir gögnum um tekjur, en jafnframt er í athugun hvort einfaldari og fljótlegri leiðir séu að öflun upplýsinganna.

Áætlað er að tekjur sveitarfélagsins hækki um kr. 268.000,- vegna fækkunar gjaldflokka.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.


Jón Hrói Finnsson,
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs